# Námsáætlun fyrir textílmennt - 4. bekkur
# skólaárið 2023 – 2024

**Kennari:** Birna Petrína Sigurgeirsdóttir
**Tímafjöldi:** 2 kennslustundir á viku hálft skólaárið.

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Handverk, aðferðir og tækni** | -notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum<br><br>-unnið úr nokkrum gerðum textílefna<br><br>-unnið eftir einföldum leiðbeiningum | Vélsaumur - nemendur fá kennslu í umhirðu saumavéla og vinna þjálfunarverkefni í pappír. Sníða og sauma bangsa úr flísefni.<br><br>Krosssaumur - sauma útsaumsmynd í java með perlugarni og nota sem skreyti á púða.<br><br>Blautþæfing - þæfa ullarkembu og nota sem púðaborð eða textílverk | Kennari sinnir leiðsagnarmati við verkefnavinnu nemenda.<br><br>Vinnubrögð og færni er metin í gegnum verklega vinnu. |
| **Sköpun, hönnun og útfærsla** | -tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu<br><br>-skreytt textílvinnu á einfaldan hátt<br><br>-gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni<br><br>-leitað að einföldum upplýsingum í nokkrum miðlum | Bangsaverkefni- nemendur hanna og sauma föt og fylgihluti fyrir bangsann.<br><br>Sauma púða í saumavélinni og nota útsaum sem skreyti.<br><br>Notast er við netmiðla við hugmyndavinnu og myndbönd af youtube tengd efnisfræði skoðuð.<br><br>Bækur tengdar textíl um fatnað fyrr og nú skoðaðar. | Metin er hugmyndavinna sköpun og útfærsla á eigin hugmyndum við verkefnavinnu. |

<table>
<tr><td>Menning og umhverfi</td><td>-sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt<br><br>-sagt frá nokkrum tegundum textílefna<br><br>-fjallað um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til veðurfars, athafna og tilefna<br><br>-notað ný og endurunnin efni í textílvinnu</td><td>Nemendur læra um íslensku ullina og helstu eiginleika hennar.<br><br>Nemendur vinna með flísefni, bómull og ull í verkefnum sínum.<br><br>Kynning og umræður um fatnað fyrr og nú út frá athöfnum, tilefna og veðri.<br><br>Kynning og umræður um íslenska þjóðbúninginn og gildi hans.<br><br>Fatnaður og fylgihlutir á bangsann eru saumaðir úr afgangsefni.</td><td>Metin er skilningur nemenda á mismunandi textílefnum.<br><br>Metin er hæfi til að vinna með ólík textílefni við verkefnagerð.</td></tr>
<tr><td colspan="4">Námsgögn:<br>Bækur, blöð og snið sem tengist textíl, verkefnahugmyndir og fræðslumyndbönd af veraldarvefnum ásamt efniviði og verkfærum í eigu skólans.</td></tr>
<tr><td colspan="4">Lokanámsmat:<br>Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt.</td></tr>
</table>